

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1965
55.09.29	Baðmullarvefnaður, þó ekki segl- og presseningsdúkur ..	kr. 10 000 000
69.11.00		
69.12.00		
70.13.00	Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr postulíni, leir og gleri .....	— 1 500 000
73.31.01		
73.31.09	Galvanhúðaður saumur og aðrir naglar og stifti, þó ekki höffjaðrir, járnsaumur til skósmíða, lykkjur, kengir, kassakrækjur, bólunaglar og teiknibólur .....	— 750 000
		Kr. 17 250 000

Ofangreindir innflutningskvótar gilda um vörukaup frá öðrum löndum en jafnkeypislöndum (Austur-Þýzklandi, Brazíliu, Póllandi, Rúmeníu, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.).

Umsóknir um fyrstu úthlutun skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 15. febrúar 1965.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 29. janúar 1965.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Dórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUGERÐ

### um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

#### 1. gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir skal vera frjáls:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund
01.01.00—	
01.06.20	Lifandi dýr.
02.01.10—	
02.01.50	Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01—01.04, nýtt, kælt eða fryst.
02.02.00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst.
02.03.00	Lifur úr alifuglum, ný kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi.
02.04.01	
02.04.09	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst.
02.05.00	Svínafita án kjöts og óbrædd og ópressuð alifuglafita, ný kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.
02.06.10	
02.06.20	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt.

## Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

- 04.01.00—  
 04.05.00 Mjólkurafurðir, fuglaegg.  
 07.01.10 Kartöflur, nýjar.  
 07.01.20 Tómatar, nýir.  
 09.01.11—  
 09.01.20 Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt, kaffiskurn og kaffihýði, kaffilíki, sem innheldur kaffi.  
 11.01.25  
 11.01.26 Rúgmjöl, þó ekki hálfsgítmjöl.  
 11.07.00 Malt, óbrennt eða brennt.  
 11.08.01  
 11.08.02 Kartöflusterkja.  
 12.05.00 Síkoriurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar.  
 12.06.00 Humall og humalmjöl (lúpúlín).  
 15.01.00 Feiti af svinum og fuglum, brædd eða pressuð.  
 15.02.00 Feiti af nautgripum, sauðfé og geitfé, hrá eða brædd (þar með talin „premier jus“).  
 15.03.00 Svínafeitisterín (lardstearín), oleosterín (pressutól), svínafeitíolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt.  
 15.13.00 Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti.  
 16.01.00 Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum og dýrablóði.  
 16.02.00 Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.  
 17.01.21  
 17.01.22 Molasykur.  
 17.01.23  
 17.01.24 Strásykur.  
 17.01.27 Steinsykur (kandís).  
 17.02.01 Drúfusykur (glúkósi).  
 17.04.01  
 17.04.03—  
 17.04.09 Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri.  
 18.06.09 Súkkulaði, og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri.  
 20.03.00 Ávextir frystir með sykri.  
 20.04.00 Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt), þó ekki súkkat.  
 21.01.00 Brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki, einnig ekstraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum.  
 22.02.00 Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar dykkjarvörur.  
 22.03.00 Öl gert úr malti.  
 22.04.00 Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.  
 23.02.00 Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta.

## Tollskrá

## Kafli Nr.

## Vörutegund

- 25.20.01—  
 25.20.09 Gips, anhydrit, brennt gips, einnig litað eða lítills háttar bætt mýkingar-  
 efnum (þó ekki gips til tannlækninga).
- 25.23.00 Portlandsement, alúminatsement, slaggsment og annað hydrólískt  
 sement, einnig litað eða sem sementsgjall.
- 27.01.10 Steinkol.
- 27.04.00 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó.
- 27.05.00 Gaskoks.
- 27.09.00 Jarðolia og skífuolia, óhreinsaðar.
- 27.10.10 Jarðolia hreinsuð að nokkru, þar með talin „topped crude“.
- 27.10.29 Annað benzín en flugvélabenzín.
- 27.10.40 Gasolia (distillate fuel).
- 27.10.50 Brennsluolia (residual fuel).
- 36.06.00 Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur).
- 44.05.19 Annar trjáviður úr barrtrjám, sagaður eftir endilöngu, flettur eða af-  
 barkaður, en ekki frekar unninn, meir en 5 mm að þykkt.
- 44.13.19 Annar trjáviður úr barrtrjám, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða  
 unninn á annan svipaðan hátt.
- 44.15.00 Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sam-  
 bandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu  
 mynstri).
- 44.16.00 Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum.
- 44.18.00 Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úr-  
 gangi, haldið saman með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðru  
 lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar, þó ekki plast-  
 húðaðar plötur.
- 44.22.00 Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði,  
 samsettar.
- 48.09.00 Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar  
 með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðrum þess háttar bindiefn-  
 um, þó ekki plasthúðaðar plötur.
- 58.01.00 Gólfteppi (þar með taldir gólf-dreglar og mottur), hnýtt, einnig fullfrá-  
 gengin, þó ekki kókosmottur.
- 58.02.00 Önnur gólfteppi en hnýtt (þar með taldir gólf-dreglar og mottur), einnig  
 fullgerð, kelím-, sumak-, karamaniteppi og önnur svipuð teppi, einnig  
 fullgerð, þó ekki plastgólfteppi og dreglar án vefnaðar og kókosmottur.
- 59.04.01 Færi og linur til fiskveiða.
- 59.04.01 Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanila.
- 60.03.01 Heilsokkar kvenna úr silki eða gerviþráðum.
- 60.03.02 Sokkar (þó ekki heilsokkar kvenna), leistar, sokkahlífar og annað þess  
 háttar úr silki eða gerviþráðum.
- 60.03.04 Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar, eingöngu úr baðmull.
- 60.04.02 Nærfatnaður, þrjónaður úr baðmull eingöngu, ekki teygjanlegur eða  
 gúmmiborinn.
- 61.03.01—  
 61.03.09 Nærfatnaður handa karlmönnum og drengjum (þar með taldir flibbar,  
 skyrtur og ermálín), úr baðmull.
- 61.04.01 Nærfatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum úr vefnaði, úr  
 baðmull.

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund
64.01.09	Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmí, þó ekki vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
64.02.01—	
64.02.09	Skófatnaður með ytri sóla úr gúmmí, þó ekki með yfirhluta úr leðri eða skinni.
68.08.00	Vörur úr asfalti og öðru áþekku efni (t. d. jarðolíubiki og koltjörubiki), þó ekki vegg- og gólfflisar.
68.09.00	Plötur, flisar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinaríkinu.
68.11.01	
68.11.09	Vörur úr sementi (þar með talið gjallsement), úr steinsteypu eða tilbúnum steini (þar með talinn malaður marmari, bundinn saman með sementi), einnig styrkt, þó ekki valtarar.
68.12.01—	
68.12.09	Vörur úr asbestsementi, úr sellulósasementi o. þ. h.
68.16.02—	
68.16.09	Vörur úr steini eða jarðefnum (þar með taldar vörur úr mó) ót. a., þó ekki búsaðhöld.
69.06.00	Pípur og rennur (þar með talin horn, beygjur o. þ. h. pípuhlutar („fittings“)).
70.04.00	Óunnið steipt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með réttþyrningslögum, einnig mynstrað.
70.05.00	Óunnið teygt eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna), með réttþyrningslögum.
70.06.00	Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með réttþyrningslögum og slípað eða fagað á yfirborði, en ekki frekar unnið.
70.10.01—	
70.10.09	Ámur, flöskur, krukkur, byttur og sívöl ilát úr gleri, sem algengt er að nota við flutning og þökkun á vörum; tappar og önnur lok úr gleri.
70.21.09	Aðrar vörur úr gleri, þó ekki netjakúlur.
73.10.11—	
73.10.22	
73.15.67—	
73.15.71	Stál í stöngum (einnig vírstrengur) úr járn eða stáli, stállagringum eða kolefnisríku stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar.
73.11.10—	
73.11.20	
73.15.72—	
73.15.75	Prófiljárn og -stál, heitvalsað, þrykkt eða kaldunnið, þilstál með boruðum eða slegnum götum eða án gata, einnig samsett.
73.13.10	
73.15.76	
73.15.77	Þynnur og plötur, yfir 4.75 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða háraðar.
73.13.20	
73.15.78	

## Tollskrá

Kafli Nr.

## Vörutegund

- 73.15.79 Þynnur og plötur 3—4.75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar.
- 73.13.30
- 73.13.40
- 73.13.59
- 73.15.81
- 73.15.82 Þynnur og plötur minna en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar og ekki ryð- og sýruheldar krómstálpötur.
- 73.13.59
- 73.15.83
- 73.15.84 Aðrar þynnur og plötur minna en 3 mm, plettaðar, húðaðar eða klæddar.
- 73.14.00
- 73.15.87
- 73.15.88 Járn- eða stálvír, einnig húðaður, en ekki einangraður, þó ekki raf- og logsuðuvír.
- 73.17.00 Pípur úr steypujárni, þó ekki nikkell- og krómhúðaðar og vatnslásar.
- 73.18.29—
- 73.18.39 Pípur úr járni (nema steypujárni) eða stáli, þó ekki rafmagnspípur og nikkelhúðaðar eða krómaðar pípur.
- 73.20.00 Pípuhlutar (fittings), t. d. hólkar, hné, tengi og nipplar, úr járni eða stáli, þó ekki fittings fyrir rafmagnspípur.
- 73.23.01 Tunnur úr járn- eða stálþynnum eða plötum.
- 73.26.00 Gaddavír úr járni eða stáli; snúnar gjarðir eða flatur vír, með eða án gadda, laussnúinn tvöfaldur vir til girðinga, úr járni eða stáli.
- 73.27.01 Steypustyrktar- og múrhúðunarnet.
- 76.02.09 Vír, ekki einangraður, og gaddavír úr alumíni.
- 85.01.00 Rafhreyflar og spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluorerscent ljós.
- 85.04.01
- 85.04.09 Rafgeymar og efni í þá.
- 85.23.01 Jarð- og sæstrengir.
- 87.02.12—
- 87.02.32
- 87.02.35—
- 87.02.39 Notaðar bifreiðar, að burðarmagni minna en 3 tonn.
- 93.01.00—
- 93.07.29 Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur.
- 94.01.00
- 94.03.00
- 94.04.00 Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki húsgögn fyrir lækniáðgerðir (nr. 94.02.00) og skjalaskápar og skrifborð með skjalageymslum úr járni og stáli.
- 96.01.00 Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samabundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
- 96.02.01
- 96.02.09 Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmiþvögur á skafti, skaftþvögur, tannburstar og listmálunarpenslar.

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

99.04.00 Fjaðrasópar.

99.01.00—

99.06.00 Listaverk, safnmunir og forngrípír.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

## 2. gr.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

## 3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan, skulu sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frilistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að verzla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

## 4. gr.

Viðskiptabönkunum er heimilt að binda kaup einstakra vörutegunda við opinber vörukaupalán, ef þær eru fáanlegar samkvæmt slíkum lánnum. Á þetta einnig við um vörur, sem ætlaðar eru til sams konar nota og vörur, sem kaupa má samkvæmt slíkum lánnum.

## 5. gr.

Aðrar vörur en þær, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, skal tollafgreiða án innflutningsleyfis, en til tollafgreiðslu annarra vara þarf innflutningsleyfi.

## 6. gr.

Heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvert tollskrárn., sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 3000 kr. verðmæti í hverri ferð.
3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

## 7. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Innflutningur eftirtaldrá vara skal háður gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum til 30. júní 1965:

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

48.01.20

48.07.10

48.15.03 Prent- og skrifpappír.

48.14.01—

48.14.09 Skrifpappír, blokkir, umslög, bréfkort, póstkort (án mynda), öskjur, möppur o. þ. h., sem aðeins innihalda bréfsfni, umslög og annað af því tagi til bréfaskrifta.

48.18.00 Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bóka-bindi, skrifmökkur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnis-hornaalbúm og önnur albúm og bókhlfar úr pappír og pappa.

55.07.10

55.07.20 Snúðofin efni úr baðmull.

55.08.10

55.08.20 Handklæðafrottéefni og svipuð frottéefni úr baðmull.

55.09.13—

55.09.19

55.09.23

55.09.29 Annar vefnaður úr baðmull, þó ekki segl- og presseningsdúkur.

69.11.00 Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr postulíni (þar með talið biscuit og parian).

69.12.00 Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr annars konar leir en postulíni.

70.13.00 Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld o. þ. h. úr gleri, þó ekki skrautmunir.

73.31.01 Galvanhúðaður saumur.

73.31.09 Aðrir naglar og stifti, þó ekki hóffjaðrir, járnsaumur til skósmíða, lykkjur, kengir, kassakrækjur, bólunaglar og teiknibólur.

84.51.00 Ritvélar, þó ekki rafmagnsritvélar.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 75 29. apríl 1963, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, með áorðnum breytingum.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 29. janúar 1965.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*